

Víkur og Stórurð til framtíðar

Skýrsla landvarða 2020



Bjarni Karlsson

Hörm Halldórudóttir Heiðarsdóttir

Katrín Þorgerðardóttir Pálmadóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Yfirlit	4
Gönguleiðir	7
Stórurð.....	7
Hringleið í Stórurð	8
Leið 8: Vatnsskarðsvegur – Stórurð	10
Leið 9: Vatnsskarð – Stórurð	11
Leið 10: Njarðvík – Stórurð.....	12
Leið 13: Brandsbalarétt – Stórurð	13
Borgarfjörður, Víkur og Loðmundarfjörður.....	13
Leið 7: Gönguskarð (Stapavík - Njarðvík)	13
Leið 15: Hrafnatindahringur.....	14
Leið 19: Brúnavíkurskarð	14
Leið 20: Hofstrandarskarð (Brotagil – Brúnavík)	15
Leið 21: Brúnavík – Breiðuvík um Súluskarð	15
Leið 22: Tengileið frá Brotagili að gatnamótum Súluskarðs	16
Leið 30: Breiðavík – Víknaheiði	16
Leið 31: Víknaheiði – Urðarhólavotn.....	17
Leið 32: Urðarhólahringur	17
Leið 37: Hryggjarbrekka.....	17
Leið 38: Kækjuskörð	18
Verkefnalisti.....	20
Lokaorð	21

Inngangur

Sumarið 2020 var þriðja sumarið sem Ferðafélag Fljótsdalshéraðs og Ferðamálahópur Borgarfjarðar eystri héldu úti landvörslu á Víknaslóðum. Í ár bættist við undirbúningur friðlands í Stóruurð þar sem unnið var samkvæmt úttekt á gönguleiðum o.fl. sem gerð var sumarið 2019. Landvörðum fjölgaði um einn á milli ára og voru þeir því þrír sem gegndu tveimur stöðugildum á tímabilinu. Bjarni Karlsson starfaði allt tímabilið, Hörn Halldórudóttir Heiðarsdóttir vann fram í byrjun ágúst en Katrín Pálmad. Þorgerðardóttir, sem mætti til starfa í lok júlí, tók við af henni.

Vinna sumarsins gekk vel fyrir sig. Unnið var út frá skýrslunni sem Hörn og Bjarni skiluðu af sér eftir sumarið 2019 og þeim verkefnum sem tilgreind voru þar. Auk þess bættust við nokkur verkefni þegar leið á.

Að undirbúningi og skipulagningu landvörslu í sumar stóðu Þórhallur Þorsteinsson, Hafþór Snjólfur Helgason og Ingibjörg Jónsdóttir. Fólust þeirra störf meðal annars í styrkjasöfnun og útvegum húsnæðis fyrir starfsmenn auk ýmiss almenns undirbúnings.



Vinnutilhögun

Landvörslutímabil sumarsins 2020 var frá 1. júlí til 21. ágúst. Unnið var u.þ.b. fimm daga vikunnar, tíu klukkustundir á dag, en landverðir höfðu þó frelsi til að skipuleggja vinnu sína og frídaga eftir hentugleika. Landverður höfðu aðsetur í Sigtúni á Borgarfirði, auk þess sem þeir nýttu aðstöðu Ferðafélagsins í skálum á Víkunum.

Styrktaraðilar

Eftirfarandi aðilar styrktu ráðningu landvarða og/eða uppbyggingu á Víknaslóðum og í Stórurð sumarið 2020:

- Alcoa
- Borgarfjarðarhreppur
- Fljótsdalshérað
- Framkvæmdasjóður ferðamannastaða
- Landsbankinn
- Umhverfis- og auðlindaráðuneytið / Umhverfisstofnun

Yfirlit

Eftirfarandi gönguleiðir voru endurstikaðar:

- Stórurð
 - Hringleið í Stórurð
 - Vatnsskarðsvegur - Stórurð (8)
 - Vatnsskarð - Stórurð (9)
 - Njarðvík - Stórurð (10)
 - Brandsbalarétt - Stórurð (hluti leiðar) (13)
- Borgarfjörður, Víkur og Loðmundarfjörður
 - Gönguskarð (Stapavík - Njarðvík) (7)
 - Hrafnatindahringur (15)
 - Brúnavíkurskarð (19)
 - Brúnavík - Brotagil (20)
 - Víknaheiði - Urðarhólavatn (31)
 - Kækjuskörð (33)
 - Hryggjarbrekka (37)

Allar stikaðar leiðir á Víkum og Loðmundarfirði, Borgarfirði og að Stórurð voru yfirfarnar og/eða endurstikaðar að undantöldum:

- Hólaland – Stórurð (14)
- Súluskarð – Glettingsnes (23)
- Þrándarhryggur – Kjólsvík (26)
- Kjólsvík – Kjólsvíkurmelar (27)

Leiðir 23, 26 og 27 hafa ekki verið endurstikaðar vegna breyttra áhersla við skipulagningu gönguleiða á svæðinu. Þær eru fáfarnar og úr alfaraleið hins almenna göngufólks. Landverðir leggja til að þær gömlu stikur sem eftir eru á leiðunum verði teknar upp og leiðirnar merktar sem óstikaðar á gönguleiðakorti. Sýn landvarða er sú að leiðir svæðisins séu annað hvort stikaðar og þeim viðhaldið eða ekki.

Upphafsskilti voru endurnýjuð á nokkrum stöðum skv. fyrri skýrslum landvarða:

- Stórurð:
 - Yfirlitsskilti um hringleið í Stórurð
 - Hólaland
 - Vatnsskarðsvegur
- Borgarfjörður, Víkur og Loðmundarfjörður:
 - Brandsbalarétt

Göngubrýr voru settar niður:

- Stórurð:
 - Á Vatnsskarðssleið, skammt frá Mjóadalsvarpi
 - Á hringleið í Stórurð



Nýir vegvísar voru settir niður og gömlum skipt út:

- Stórurð:
 - Í Mjóadalsvarpi
 - Við upphaf hringleiðar
 - Á miðri Vatnsskarðsvegarleið (8)
 - Á miðri Vatnsskarðsleið (9)
 - Á miðri Njarðvíkurleið (10)
 - Við upphaf Vatnsskarðsleiðar (9), þar sem tengileiðir milli bílastæðanna mætast
 - Við gatnamót hringleiðar í Stórurð og Vatnsskarðsvegarleiðar (8)
 - Við gatnamót hringleiðar í Stórurð og Hólalandsleiðar (15)

- Borgarfjörður, Víkur og Loðmundarfjörður:
 - Við gatnamót tengileiðar og Brúnavíkurleiðar um Súluskarð (21, 22)
 - Efst í Súluskarði (22)
 - Á gatnamótum á Kjólsvíkurmelum (21, 26)
 - Við Sævarenda í Loðmundarfirði
 - Við upphaf gönguleiðar yfir Gönguskarð (7) Stapavíkurmegin



Mælt var fyrir tveimur brúm á leið 8 (Vatnsskarðsvegur) til viðbótar sem verða smíðaðar í vetur og fluttar á staðinn á snjósleða, en það var einnig gert veturinn áður með þær brýr sem settar voru niður í sumar.

GPS-hnitin eru eftirfarandi:

- | | |
|------------------|------------------|
| • Brú 1 | • Brú 2 |
| ○ N 65° 31.510' | ○ N 65° 31.591' |
| ○ W 014° 02.693' | ○ W 014° 02.783' |



Landverðir fengu einstaka ábendingar frá ferðafólki um nýju stikurnar en sumum þótti guli liturinn sjást helst til illa á sólríkum dögum í ljósu landslaginu. Á myndinni hér til hliðar má sjá dæmi, en ekki telja landverðir þörf á að breyta um lit á stikunum. Leiðirnar eru víðast hvar skýrar og greinilegar, merktar á kort og auk þess eru til gps-gögn um margar þeirra. Auk þess eru gulmálaðar stikurnar mjög vel greinilegar í flestum veðrum, nema einmitt í glampandi sól.

Gönguleiðir

Þetta sumar var megin áhersla lögð á vinnu við stikun og merkingar gönguleiða svæðisins eftir skýrslum fyrri ára um ástand þeirra. Sú undirbúningsvinna skilaði sér vel í sumar, en mjög margt hefur komist í verk á þessum tiltölulega stutta tíma sem landvörslutímabilið á svæðinu er. Sem fyrr segir voru nær allar stikaðar gönguleiðir svæðisins yfirfarnar, tíu leiðir endurstikaðar í heild sinni og ein að hluta til.

Sérstök áhersla var lögð á gönguleiðir sem liggja í, til og frá verðandi friðlandi í Stórurð. Þær voru endurstikaðar með nýjum lerkistikum úr Héraði. Einhver hluti af þeim gömlu stikum sem skipt hafði verið út voru endurmálaðar og nýttar aftur á Víknaslóðum í bland við hinar nýju, en einungis nýjar lerkistikur voru settar niður á Stórurðarsvæðinu.

Stórurð

Allar neðantaldar leiðir til og frá Stórurð voru endurstikaðar með nýjum lerkistikum af Héraði. Ekki náðist að yfirfara gönguleiðina frá Hólalandi að Stórurð í ár, en gerð var úttekt á henni í fyrrasumar. Hún er talsvert lengri en hinar leiðirnar og þar að auki mun fáfarnari.

Landverðir tóku eftir töluverðum mun á ferðamannafjölda í Stórurð milli ára, en hann hefur aukist mjög. Ekki eru haldbærar tölur úr umferðarmælum fyrir hendi en ljóst er að Íslendingar tóku við sér í ferðalögum innanlands.

Landverðir fengu þau tilmæli að hafa lengra bil á milli stika á fjölförnustu leiðunum til og frá Stórurð. Þær væru það fjölfarnar og greinilegar að ekki ætti að vera þörf á mjög þéttri stikun. Þessi aðferð kom almennt vel út. Ein athugasemd barst þó um að Vatnsskarðsleiðin (9) væri óskýr á köflum og bættu landverðir úr því hið snarasta.

Sú nýjung var kynnt til leiks að setja niður vegvísa á miðjum leiðum 8, 9 og 10. Á skitlinu er merktur kílómetrafjöldi til bílastæða annars vegar og Stóruðar hinsvegar til þess að auka öryggi fólks á göngu.

Hringleið í Stóruð

Hringleiðin í Stóruð er afskaplega greinileg. Fjöldi fólks hefur lagt leið sína þangað í sumar og eru kaflar á leiðinni þar sem gróðurþekjan er orðin ansi niðurtröðkuð, sérstaklega við stóra, bláa lónið, þar sem flestir stoppa til að taka myndir. Stíkað var nokkuð þétt á hringleiðinni til þess að auðvelda rötnun sem mest og stuðla að því að fólk haldi sig á merktu leiðinni. Auk þess voru stikurnar orðnar gamlar og lúnar og tími til kominn að skipta þeim út fyrir nýjar. Á einum stað hafa nánast myndast náttúruleg þrep eftir ágang ferðamanna (sjá mynd að neðan) og þar mætti skoða að búa til þrep úr viði og mól til að auðvelda uppgang og forða staðnum frá frekari skemmdum. Líkt og stendur í yfirlitinu voru svo þrír vegvísar settir niður í urðinni sjálfri auk skiltis með yfirlitsmynd og korti af hringleiðinni.





Leið 8: Vatnsskarðsvegur – Stórurð

Góð og greinileg leið frá bílastæði við Vatnsskarðsveg til Stórurðar. Vel farin og skýr að langmestu leyti, en þegar nær dregur urðinni eru blautir mýrakafar á nokkrum stöðum. Skoða má næsta sumar að finna einhverskonar lausnir við því, hvort sem það er með lítilsháttar uppbyggingu eða tilfærslu á þeim hlutum leiðarinnar. Þessi leið var ekki stikuð eins þétt og margar aðrar vegna þess hve greinileg og auðrötuð hún er. Vegvísir var settur niður á miðri leið. Á tveimur stöðum voru tekin GPS-hnit og mælt fyrir brú sem koma mætti fyrir í vetur og setja niður næsta sumar (sjá myndir að neðan).



Leið 9: Vatnsskarð – Stórurð

Hægt er að leggja bílum á tveimur stöðum í Vatnsskarðinu. Leiðirnar frá þeim mætast í hlíðinni ofan við upphafsskiltið og þar var settur niður vegvísir. Fyrst var haft vel rúmt bil milli stika alla leiðina en eftir ábendingu frá einum leiðsögumanni um að fyrsti hluti leiðarinnar upp að Geldingafelli væri ekki nógu skýr var stikun þétt vel á þeim kafla. Vegvísir var settur niður á miðri leið. Slóðin er skýr og greinileg og liggur um nokkuð grýtt landslag og er því betur til þess fallin að taka við meiri umferð en t.d. Njarðvíkurleiðin.



Leið 10: Njarðvík – Stóruð

Frá bílastæðinu í Njarðvík liggur stysta leiðin til Stóruðar. Hún liggur um mjög gróið land og er gatan vel skýr og greinileg. Stikun var því með gisnara móti á þeirri leið. Það er rétt efst, þegar komið er upp í



Mjóadalsvarp, þar sem hún verður örlítið óskýr, en þar var stikun þétt svo ekki færi milli mála hvar leiðin liggur. Greinilegt er að mikil umferð hefur verið um þessa leið í sumar,



en á nokkrum svæðum sér talsvert á landi og gróðri umhverfis götuna. Einnig tóku landverðir eftir að töluvert sást á nýju lerkistikunum fljótlega eftir að þeim var komið fyrir. Sauðféið er hrifið af stikunum en stikurnar ekki jafn hrifnar af fénu, en stikan hér til vinstri hafði staðið þarna í mánuð þegar myndin var tekin. Auk þess að skipta út öllum gömlum stikum fyrir nýjar var settur var niður vegvísir á miðri leið.



Leið 13: Brandsbalarétt – Stórurð

Þetta var eina leiðin á Stórurðarsvæðinu sem var einungis endurstikuð að hluta til. Þetta var seinasta stikuverkefni sumarsins og stikumagnið af skorum skammti. Þó var farið með um alls 80 stikur og þeim skipt út frá upphafi leiðarinnar úr Stórurð. Líklegast þyrfti um 100 stikur í viðbót til að klára að stika niður að Brandsbalarétt. Auk þess liggur talsvert af gömlum stikum víða á leiðinni sem þyrfti að taka með niður. Nokkrar stærri heillegar stikur sem þegar voru uppi í skarðinu nýtast ágætlega á grýttu svæði og fengu að standa auk þess að nokkrum nýjum var bætt við. Nánast öll málning er farin af gömlu stikunum og því þarf að koma með málningu eða spreng til að endurmála þær næsta sumar.



Borgarfjörður, Víkur og Loðmundarfjörður

Eins og fyrr hefur komið fram voru svo gott sem allar stikaðar gönguleiðir á Víknaslóðum og Borgarfirði yfirfarnar í sumar. Það er mikilvægur hluti landvörslustarfsins að hafa eftirlit með ástandi gönguleiða og merkinga og að til séu haldbær gögn um átroðning, ástand eftir vetur, ágang sauðfjár á merkingar og annað slíkt. Á heildina lítið komu leiðamerkingar fyrri ára nokkuð vel undan vetri, en þó komu kaflar þar sem töluvert þurfti að lagfæra.

Leið 7: Gönguskarð (Stapavík - Njarðvík)

Úttekt var gerð á þessari leið í fyrra og í ár var ráðist í að endurstika hana í heild, frá gatnamótum við Stapavík og niður í Njarðvík. Stikurnar voru víða fallnar eða brotnar og margar orðnar talsvert veðraðar. Slóðin var ekki alltaf greinileg og

var því stikað þéttar á þeim köflum. Einnig var settur niður vegvísir við upphaf gönguleiðarinnar, Stapavíkurmegin.



Leið 15: Hrafnatindahringur

Leiðin var endurstikuð skv. úttekt frá 2018. Gömlu stikurnar orðnar veðraðar og úr sér gengnar og kominn tími á að endurnýja og gera leiðina skýrari þar sem þörf var á. Sjá má muninn á nýju og gömlu stikunum á myndinni hér til hliðar.



Leið 19: Brúnavíkurskarð

Fyrri hlutinn, frá Kolbeinsfjöru og upp í skarðið, var endurstikaður í fyrra. Frá skarðinu og niður í vík hafði stikun verið lagfærð árið 2018, en á þeim tíma stóð til að leyfa hluta gömlu stikanna að vera og endurmála þær á staðnum. Seinna var fallið frá þeirri stefnu og því þurfti að endurstika leiðina. Þær fáu stikur sem eftir stóðu voru flestar brotnar og eyddar og því gott að endurstika. Gatan sjálf er skýr og greinileg og þurfti því ekki að stika hana mjög þétt.



Leið 20: Hofstrandarskarð (Brotagil – Brúnavík)

Sama gildir um þessa leið eins og leið 19. Stikun hafði verið þétt sumarið 2018 en í ár var öllum gömlum stikum skipt út fyrir nýjar. Töluvert þurfti að rétta við og lagfæra af stikum en sauðféð virðist hrifið af því að nota stikurnar til þess að klóra sér á. Sjá má dæmi þess á myndinni hér til hliðar, en sú stika var sett niður sumarið 2019. Leiðin sjálf er samt greinileg og liggur beint af augum svo að auðvelt er að rata hana þó svo að stikurnar geti verið illsjáanlegar. Næsta sumar mætti endurstika litla bútin borgarfjarðarmegin þar sem ekki er gengið á bíslóðanum.



Leið 21: Brúnavík – Breiðuvík um Súluskarð

Fyrsta stikuverkefni sumarsins var að yfirfara leiðarhlutann frá gatnamótum tengileiðar (22) upp og yfir topp Súluskarðs. Seinasta sumar var leiðin endurstikuð frá Brotagili, niður í Brúnavík og alla leið niður í Breiðuvík á einum degi, u.þ.b. 11 kílómetra leið, en urðu landverðir dagprota og urðu því að



skilja gamlar stikur eftir á litlum kafla leiðarinnar. Þessi eftirstandandi leiðarbútur sem beið upphirðu var 2,07 kílómetrar að lengd og lágu 39 stikur við gönguleiðina. Allar voru þær tíndar upp og fluttar til byggða. Ástand nýju stikanna frá árinu áður var gott og ekki þurfti mikið að lagfæra.



Settir voru niður nýir vegvísar á tveimur stöðum, annars vegar efst í Súluskarði og hins vegar þar sem leiðir 21 og 22 mætast

Hafþór Snjólfur f.h. Ferðamálalahóps Borgarfjarðar færði hluta leiðarinnar frá vestanverðu Kerlingarfjalli niður að skála í Breiðuvík, en sá kafli hafði verið færður seinasta sumar frá upprunalegri leið.



Leið 22: Tengileið frá Brotagili að gatnamótum Súluskarðs

Stutt tengileið sem liggur í grónu og nokkuð blautu landi. Ástand gott, stikur heilar og leiðin greinileg.

Leið 30: Breiðavík – Víknaheiði

Ástand stikanna var mjög gott og þurfti lítið sem ekkert að lagfæra. Landvörður tíndi upp nokkrar gamlar stikur frá árinu áður og var leiðin skýr og greinileg. Bæta þarf við merkingu á vegvísinn uppi á Víknaheiði sem bendir á gönguleiðina að Urðarhólavatni.



Leið 31: Víknaheiði – Urðarhólavatn

Stutt leið frá Víknaheiði að Urðarhólavatni. Endurstikuð með nýjum lerkistikum. Allar gamlar stikur hirtar. Leiðin er falleg og þægileg og var hún stikuð með greinilegum hætti.



Leið 32: Urðarhólahringur

Þessi leið var endurstikuð í fyrra. Ástand mjög gott, rétta þurfti nokkrar stikur við og bætt var við tveimur stikum til að gera leiðina enn skýrari.

Leið 37: Hryggjarbrekka

Hryggjarbrekkan liggur af Grjótbrún á Neshálsi og kemur niður á Nesmelum. Hún er nær eini hluti gönguleiðarinnar frá Víknaheiði til Loðmundarfjarðar sem ekki liggur á bíslóða. Leiðin var stikuð í góðu skyggni á fyrri hluta tímabilsins, en mjög villugjarnt getur verið á þessum slóðum í þoku. Hún var því stikuð nokkuð þétt með lerkistikum.



Leið 38: Kækjuskörð

Eitt stærsta stikuverkefnið þetta sumarið. Leiðin er 13 kílómetrar í heild og var hún stikuð á þremur vinnudögum. Fyrsta daginn var stikað frá bílastæði við þverá upp að Kirkjusteini og gömlu stikurnar teknar upp á bakaleiðinni.



Annan daginn var stikað frá Kirkjusteini, yfir skarðið og niður að Fitjum þar sem gönguleiðin kemur inn á bíslóðann. Gömlu stikurnar voru teknar upp jafnóðum. Efst í skarðinu, þar sem grýttast er, standa enn áratuga gamlar stikur frá björgunarsveitinni. Þær eru mun stærri og voldugri en nýju lerkistikurnar og var ákvörðun tekin um að leyfa þeim að vera, þar sem þær stingast fyrir undan snjónum og eru mun sýnilegri í vondu skyggni. Margar hverjar fengu yfirhalningu með neongulu spreyi en þeim verst útlítandi var skipt út fyrir „nýjar“, en talsvert var eftir af ónotuðum stikum í búnti nálægt skarðinu sjálfu.



Þriðji dagurinn var nýttur í að endurnýja stóru stikurnar og að setja upp vegvísi efst í skarðið, með örvum á sem benda niður til Loðmundarfjarðar annars vegar og Borgarfjarðar hins vegar til að sýna hvar skal fara fram af brúninni. Í þoku og snjó getur nefnilega verið mjög óljóst hvar leiðin af háskarðinu liggur.

Ljóst var í fyrri tveimur leiðöngrunum að í háskarðinu er mikil snjóþekja langt fram eftir sumri og því greinilegt að stóru stikurnar duga mun betur á því svæði en þær nýju. Næsta sumar verður eitt verkefnanna að setja merkingar á örvar skiltisins með nöfnum áfangastaðanna.



Verkefnalisti

Þó svo að mörg verkefni hafi klárast þetta sumarið þá er nóg eftir fyrir komandi sumur. Lokið hefur verið við nær allar grunnlagfræringar á innviðum svo nú taka við yfirferð og viðhald, eftirlit með ástandi gönguleiða og náttúrusvæða, áframhaldandi samtal við landeigendur og heimamenn um framtíð svæðisins, skipulagning almennrar landvörslu á svæðinu og ýmislegt fleira. Eftirfarandi er útlitun yfir helstu verkefni sem bíða landvarða næsta sumar:

- Ganga og yfirfara allar gönguleiðir og lagfæra þar sem þörf er á
- Ljúka við stikun á leið 13
- Endurstika Hólalandsleið (14)
- Endurstika þann bít af leið 20 frá Brotagili sem ekki er á bíslóða
- Setja niður göngubrýr á leið 8:
 - Brú 1
 - N 65° 31.510'
 - W 014° 02.693'
 - Brú 2
 - N 65° 31.591'
 - W 014° 02.783'
- Festa merkingar á vegvísi efst í Kækjuskörðum
- Bæta við merkingu á vegvísi á Víknaheiði
- Skipuleggja og bjóða upp á fræðslu, s.s. fræðslugöngur eða viðveru á vissum svæðum á ákveðnum tímum
- Fjarlægja gamlar stikur á þeim leiðum sem ekki á að viðhalda til frambúðar. Leiðir verði því annað hvort merktar og þeim merkingum haldið við eða ekki og allar stikur fjarlægðar.
- Ef vilji er fyrir því væri gaman að útbúa og setja upp fræðsluskilti, t.d. við tóftir gömlu bæjanna

Lokaorð

Sumarið gekk vonum framar og náðist að framkvæma nokkuð meira en lagt hafði verið upp með. Vinna samkvæmt úttekt á skýrslu og mati um Stórurð frá síðasta ári gekk vel auk þess að sinna endurbótum á gönguleiðum Víknaslóða. Nú er búið að endurstika og yfirfara nær allar merktar gönguleiðir á svæðinu og við taka yfirferð, viðhald og eftirlit með náttúru svæðisins. Einnig mætti ráðast í skipulagningu og frekari stýringu umferðar með tilliti til viðkvæmustu svæðanna, t.d. með göngupöllum eða jafnvel takmörkuðu aðgengi á ákveðnum tímabilum vegna gróðurverndar. Útfærsla og þróun landvörslunnar á svæðinu býður upp á marga möguleika til að sameina náttúruverndarsjónarmið og uppbyggingu á annarri þjónustu á svæðinu.

Líkt og árið áður voru samskipti við landeigendur, Borgfirðinga og aðra hlutaðeigandi góð en samstaða er lykilþáttur í velgengni þessa verkefnis. Svæðið er smám saman taka á sig mynd í samræmi við þá framtíðarsýn sem aðstandendur þess eru að móta og áhugavert verður að sjá hvaða áhrif landvarsla mun hafa á verndun og upplifun bæði gesta og heimamanna á svæðinu.

